

# Gjaldeyrismál og fjárfestingarumhverfi



24. Mars 2010 - Viðskiptaráð Íslands

**Ragnar Guðmundsson**

# Gjaldeyrishöft – áhrif á daglegan rekstur

- Greiðslumiðlun Seðlabanka Íslands gekk hratt og vel  
= Afrek miðað við aðstæður í október 2008
- Áhyggjur erlendra fjárfesta greinilegar
  - Fjárfestingarsamningur minnkar áhyggjur
- Fjármunir geymdir utan Íslands – þora ekki til Íslands
  - Gjaldeyrishöft halda peningum líka úti, ekki bara inni
    - Minnkar innistæður í bankakerfinu hérlendis
    - Tapaðar þjónustutekjur innlendra banka
    - Hefur þetta áhrif á gengið?
- Fjöldmörg tilboð frá “gráa markaðnum”
  - Samfélagslega óábyrgt – öllu slíku hafnað alfarið hjá Norðuráli

# Gjaldeyrismál

- Viðskipti með krónuna á hendi fárra aðila
  - Við hrunið kom í ljós að margir útflytjendur höfðu stöðu með krónunni
  - Hvaða aðilar tóku neikvæða stöðu á móti útflytjendum? Voru þeir tengdir aðilum á gjaldeyrismarkaði?
  - 3 bankar, sem allir reka jafnframt greiningardeildir, ráðandi á gjaldeyrismarkaði og jafnframt skoðanamyndandi
- Virkari markaður nauðsynlegur
- Stefnumótun um framtíð krónunnar mikilvæg
  - Velja þarf réttu stjórn tækin og gefa markaðnum skýr skilaboð
  - Koma þarf rekstrarumhverfi fyrirtækja í lag og leysa vanda heimila

# Gjaldeyrismál

- Jákvæður vöruskiptajöfnuður + gjaldeyrishöft + háir stýrivextir
  - Samt sem áður hreyfist gengið lítið
  - Þýða háir vextir það að við eyðum jákvæðum gjaldeyrisjöfnuði í vexti til erlendra krónueigenda?
- 300 – 400 milljarðar “jöklakróna” fastar í gjaldeyrishöftum á Íslandi?
  - Helguvík og tengd verkefni nota 100 milljarða króna innanlands
  - Seðlabankinn auglýsti í maí að breyta megi jöklakrónum í langtímabréf í erlendri mynt, EN sagði á sama tíma að gjaldeyrishöft hverfi fljótlega
  - Fjármagnseigendur rólegir á meðan vextir eru mun hærri hér en í nágrannalöndum

# Skattlagning vaxtagreiðslna

- Skattlagning vaxta til erlendra aðila lögð til í mars 2009
  - Fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins gerði ráð fyrir að skattlagningin hefði óverulegan tekjuauka í för með sér fyrir ríkissjóð
  - Efnahags- og skattanefnd felldi skattlagninguna brott úr frumvarpinu
  - Nefndin taldi “... tilefni til að skoða betur hver áhrif 1. gr. frumvarpsins geti haft á aðgang íslenskra fyrirtækja að erlendu lánsfé.”
- Vaxtagreiðslur skattlagðar í bandormi í júní 2009
  - Engin formleg skoðun átti sér stað, þrátt fyrir umfangsmiklar athugasemdir um skaðleg áhrif við meðferð fyrra frumvarps
  - Áhrifin misjöfn eftir heimalandi lánveitanda
- Íslenskt atvinnulíf ber skattinn á endanum
  - Vaxtakjör venjulegra fyrirtækja hækka til að mæta skattinum
  - Alþjóðleg skuldabréf og lánasamningar innihalda að jafnaði ákvæði um að lántaki ber skatt í eigin landi, ef einhver er


# Áherslur fjárfesta

Samkeppnisstaða í heild metin miðað við aðra valkosti

- Markaðsaðgangur – söluvörur og aðföng
- Efnahagslegur stöðugleiki
- Pólitískur stöðugleiki
- Stofnanakerfi og skilvirkni stjórnsýslu
- Langtímaforsendur varðandi rekstrarumhverfi og skatta
- Starfsfólk
  - Menntunarstig og hæfni
  - Samskipti á vinnumarkaði
  - Framleiðni
- Aðgangur að fjármagni

# Kostir Íslands

- Þróað samfélag
  - Þekkingarstig og menntun
  - Traustir innviðir
  - Lagaumhverfi að evrópskri fyrirmynd
- Auðveldir flutningar – flugþjónusta / skipaþjónusta
- Evrópska efnahagssvæðið
- Pólítískur stöðugleiki hefur verið styrkleiki
  - Hefur m.a. komið fram í lágu vaxtaálagi á stærri verkefni hér á landi en nú heyrir talað um álag vegna pólitískrar áhættu
- Í fremstu röð á mörgum sviðum
  - Sjávarútvegur, orkuvinnsla, áliðnaður, ferðaþjónusta, menntun, menning, (handbolti) ofl.



# Tækifæri til að gera betur

- Byggja þarf upp traust – ekki brjóta niður
  - Stefnumótun stjórnvalda – horft framávið
  - Samheldni og innra samræmi nauðsynlegt
    - » ríki + sveitarfélög + stofnanir + vinnumarkaður + fjölmiðlar
  - Áhersla á leiðsögn og samræmingu af hálfu stjórnvalda
  - Markviss kynning erlendis
- Rammalöggjöf í vinnslu fyrir almennar fjárfestingar
  - Fjárfestar vilja vita að hverju þeir ganga
- Vinna út frá styrkleikum
  - Sérstök samkeppnisfærni / þekking umfram aðra
  - Menntun þeirra sem vantar vinnu núna og á næstu árum



# Viðhorf til erlendra fjárfesta einkennist af tortryggni

- Hentugt skotmark - minnir á trúarbrögð
- Áhersla á gera eitthvað annað, eitthvað þar sem við höfum enga sérstaka þekkingu eða reynslu umfram aðra
- Skortur á skilningi á grundvallar verðmætasköpun sem er nauðsynleg undirstaða fjölbreytts mannlífs
- Umræða þar sem staðreyndir víkja fyrir málstaðnum
  - Dæmi: Umræða um orkuverð